**Nd. 419. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tilbúinn áburð (þskj. 260).

Frá Halldóri Stefánssyni.

2. gr. frumv. orðist svo:

Á meðan ríkisstjórnin annast útvegun tilbúins áburðar samkvæmt lögum þessum, skal hún semja þannig um flutning áburðarins frá útlöndum, að hann sje fluttur með framhaldsflutningi og framhaldsfargjaldi til allra hafna hjer á landi, sem sigling er á með millilandaskipum, strandferðaskipum og flóabátum, sem styrks njóta af opinberu fje.

Heimilt er stjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað við frekari dreifingu áburðarins hafna á milli, og sömuleiðis að einhverju leyti landflutning frá sjó upp um sveitir, eftir nánari ákvæðum, sem sett verða með reglugerð.